



Landið sem þeir breyttu

Stormurinn feykti um koll risastóru tré. Það féll yfir stíginn sem lá meðfram strönd Ki-Chi-Saga-vatns á yfirráðasvæði Chippewa-indíánanna. Enginn snerti við því. Þeir sem gengu eftir stígunum urðu að krækja fyrir tréð. Engum datt í hug að höggva það sundur og færa það til. Smám saman myndaðist gata sem lá í stóran sveig framhá trénu. Í stað þess að flytja tréð úr stað kusu indíánarnir að færa veginn.

Þarna lá trjábólurinn ár eftir ár og varð mosavaxinn. Mannsaldur leið og tréð tók að fúna. Stígurinn var nú orðinn vel troðinn og enginn mundi lengur eftir því að hann hefði legið annars staðar.

Einn góðan veðurdag gekk þarna maður sem var öðruvísi á litinn. Hann hélt á exi og gekk í skóm sem voru gerðir í annarri heimsálfu. Hann hjó sundur fúinn trjástofninn og velti honum til hliðar, og nú var gatan greið. Maðurinn hugsaði: Hvers vegna hefur þetta tré fengið að liggja hér svona lengi óhreyft? Ræktunarmaðurinn var kominn til hirðingjalandins. Daginn sem hann hjó sundur trjástofninn á indíánagötunni við Ki-Chi-Saga mættist tvenns konar lífsstíll.

Tímabili hirðingjanna var að ljúka í þessum hluta heimsins. Fólk sem gat beðið heilan mannsaldur eftir því að trjástofn sem lá þvert á götu grotnaði niður, það átti sér enga framtíð. Tími veiðimanna sem fluttu tjöld sín vegna veðurfars og ferða bráðarinnar var liðinn. Í staðinn voru komnir bændur sem voru kyrrir á sínum stað: Þeir byggðu hús sín úr timbri og múruðu fast eldstæði.

Frumbyggjarnir voru neyddir til að gera samning sem leyfði hverjum sem var að setjast að í landinu. Veiðimennirnir urðu að gefast upp fyrir ofureflinu og láta af hendi veiðilendurnar og grafir forfeðra sinna. Að því loknu var hægt að breyta djúpri og frjósamri moldinni í gjöfulan akur. Gífurleg landsvæði voru hólfuð niður, færð inn á landabréf og þeim úthlutað sem nýbýlum.





Landnemarnir voru bændur án landsvæða sem komu að landsvæðum án bænda. Þeir voru frá Gamla heiminum þar sem þeir höfðu búið við yfirvöld sem þeir höfðu neitað að setta sig við. Einvaldsherrar og gósseigendur höfðu haldið þeim fjötruðum í fátækt og eynd. Þeir yfirgáfu Þýskaland í kjölfar uppreisnar örfátækra leiguliða gegn stórbændunum. Þeir fluttu frá Írlandi vegna hungursneyðar sem fylgdi í kjölfar sýki í kartöflum. Svíarnir voru á flóttu undan trúarbragða-ofsóknum. Landnemarnir voru karlar og konur sem neituðu að hlýða, en flæktust nú á landsvæði þar sem ekki voru nein yfirvöld.

Þetta óhlýðna fólk frá Gamla heiminum var að mestum hluta ungmenni. Þeir fjórðu hlutar af íbúum Minnesota-svæðisins voru á þessum árum undir þritugu. Þarna var lítið um farlana gamalmenni sem þurfti að framfleyta. Íbúarnir voru ungt fólk í ungu ríki. Þarna var ekkert ráðsett fólk að segja fyrir verkum. Ungu fólkið fór sínu fram og gat óhindrað beitt kröftum sínum. Það forsmáði gamla, úrelta síði, fór sínar eigin leiðir og naut þess að vera frjálst.

Og hér var engin forréttindastétt, ekkert aðalsfólk heldur hver og einn metinn eftir hæfileikum sínum og dugnaði.

Landnemarnir biðu ekki eftir því að hindranir sem lágu í götu þeirra fínuðu, þeir gáfu sér ekki tíma til að bíða. Þeir þurftu að flýta sér að framfleyta fjölskyldum sínum og byggja fyrir þær hús og heimili.

Þeir sem höfðu helgað sér landsvæði voru í fyrstu dreifðir yfir stórt svæði. Það var ennþá mjög langt á milli bæja. En upp úr 1850 fluttust sífellt fleiri á umráðasvæðið. Þeir komu ýmist einn og einn eða í hópum. Oft voru það fjölskyldur eða einstaklingar sem settust að við vatnið sem svæðið dró nafn sitt af: Minnesota.

Og rauðbrúnu hirðingjarnir viku úr vegi fyrir hvítum ræktunar-mönnum, villtu dýrin rýmdu til fyrir húsdýrunum, beitarland hjartanna varð að akurlendi, skógar voru felldir og þeim breytt í timbur sem hægt var að byggja úr hús. Víðáttarnar opnuðust og hár himinninn hvelfdist yfir nýbúana er þeir litu yfir hið nýja ríki sitt. Víður sjóndeildarhringurinn í landi án takmarka fyllti þá bjartsýni og sköpunargleði: Allt skyldi verða nýtt. Landið var stórt og víðáttumikið, og draumar þeirra löguðu sig að landinu.

Hér heldur áfram frásögnin af hópnum sem flutti frá heimkynnum sínum í Ljóðhúsum í Smálöndum og settist að í Norður-Ameríku.

Svíþjóð var landið sem þetta fólk yfirgaf. Norðurameríska lýðveldið tók á móti því. Frjósamur dalurinn kringum Ki-Chi-Saga varð að heimkynnum þess.





Framandi axarhögg í skóginum

1

Einn góðan veðurdag í maímánuði fór Karl Óskar Níelsson út í skóg til þess að höggva girðingarstaura. Þegar sólin var hæst á lofti gerði hann hlé á vinnunni og lagði af stað heimleiðis til þess að borða hádegismat.

Hann fór úr öðrum tréskónum og hvolfði úr honum smásteini sem hafði valdið honum óþægindum. Á skónum var djúpt far eftir exina hans. Hann var heppinn að hafa verið í tréskóm í dag. Exin hafði runnið til í hendi hans og lent á hægri skónum. Ef hann hefði verið í leðurskóm hefði hann stórskadað sig. En vatnsleðurstígvélin sem hann sótti til skósmiðsins daginn áður en hann yfirgaf sóknina heima í Svíþjóð voru orðin gatslitin eftir þriggja ára daglega notkun hér í Norður-Ameríku. Karl Óskar hafði gerst skósmiður og sólað skóna hvað eftir annað. Öll fötin sem fjölskyldan kom með frá Svíþjóð voru að verða að ónýtum druslum.

Karl Óskar gekk stíginn meðfram vatninu með exina í hendinni. Trén voru nýútsprungin og safarík. Eplatrén stóðu í blóma og það glittraði á hvít blómin innan um græn trén. Næturregnið hafði bleytt upp moldina og það var ferskur ilmur af grasinu og blómunum. Gegnum skóginn glitti í Ki-Chi-Saga-vatn.

Inni á víkinni var sægur af fuglum; þarna sátu endur, svanir og gæsir í hundradatali. Karl Óskar hafði haldið að hann sæi yfir á hinn vatnsbakkann, en síðar hafði hann komist að því að trén sem hann sá voru í hólma og bak við hann væri önnur og stærri eyja. Ki-Chi-Saga samanstóð í reynd af sjö vötnum sem tengd voru með mjóum sundum. Það tók langan tíma fyrir landnemana að kynnast þessu stóra vatni.





Á vatnsbakkanum í vestri gnæfði stóri sandsteinskletturinn sem kallaður var Indíaninn og líktist risastóru indíánahöfði. Hann var rauðbrúnn á litinn og djúpar, dökkar augnatóftirnar skimuðu í austurátt eins og þær væru á verði.

Nú kom risastór dúfnahópur fljúgandi yfir víkina eins og dimmt ský. Þegar hópurinn var floginn framhjá nam Karl Óskar staðar og lagði við hlustir. Það heyrðist hljóð sem var öðruvísi en vængjaþytur fuglanna: Þetta voru axarhögg.

Það var kyrrt veður og hljóðbært. Karl Óskar heyrði vel og var vanur að greina sundur margvísleg hljóð skógarins. Hann var alveg viss: Hann þekkti hljóðið sem myndaðist þegar exi var höggvið í trjábol. Hljóðið kom úr suðaustri, tiltölulega skammt frá: Einhver var að fella tré niðri við vatnsbakkann. Þetta gat ekki verið indíáni. Þeir felldu ekki tré með exi. Þarna hlaut að vera hvítur maður. Það var kominn óboðinn gestur á yfirráðasvæði hans.

En Karl Óskar hafði pappíra upp á að hann ætti þessa jörð. Hann var búinn að greiða tvær afborganir af landinu. Búið var að afmarka svæðið og teikna það inn á kort. Það var númer 35, og útlínur þess voru afmarkaðar sem merki í tré. Héðan væri ekki hægt að flæma hann burt og hér áttu ekki að heyrast annarra manna axarhögg.

Karl Óskar sneri við og gekk í átt að hljóðinu.

Fyrsta árið hafði Karl Óskar alltaf haft með sér byssu þegar hann var að vinna í skóginum, ef ske kynni að hann rækist á indíána. Það kom líka fyrir að hann sæi veiðidýr. En nú var hann farinn að skilja vopnið eftir heima. Og hann bjóst ekki við að þurfa að beita skotvopni gegn skógarhöggsmanninum sem hafði troðið sér inn á yfirráðasvæði hans. Karl Óskar gekk á hljóðið. Maðurinn var lengra burtu en hann hafði áætlað. Öll hljóð heyrðust langar leiðir á þessum lygna góðvindrísdegi. Hann var kominn að landamerkjunum þar sem hann hafði höggvið í trén til merkis um hvar landareign hans endaði og önnur tæki við: Maðurinn var utan yfirráðasvæðis hans: Þetta var enginn óboðinn gestur.

Hver gat þetta verið? Hann átti enga nágranna; þetta gat ekki verið neinn sem hann þekkti. Hann gekk upp á hæð og skyggndist um: Höggjin komu frá furulundi við mjóa vík. Þar var maður að fella myndarlegt tré sem stóð þráðbeint og kvistalaust alveg upp að krónunni. Maðurinn notaði breiða exi; það glitraði á hana í sól-skininu.

Tréð féll um það leyti sem Karl Óskar kom á staðinn. Það heyrðist hátt brak og runnarnir í kring bældust niður.





Maðurinn hélt á exinni í vinstri hendi en þurrkaði svitann af enninu með þeirri hægrí. Hann var þreklega vaxinn og samanrekin. Hann var klæddur köflóttri flónelsskyrtu og gulum, slitnum leðurbuxum. Af klæðnaðinum að dæma virtist þetta vera Bandaríkjamaður. Og exin var af amerískri gerð með breiðu, þunnu blaði.

Karl Óskar var ennþá tortrygginn og staðnæmdist nokkra faðma frá trjástubbum. Ókunnugi maðurinn hafði orðið hans var og sneri sér við. Hann var grannleitur, útitekinn og með há kinnbein. Nokkrar hártjásur héngu niður á ennið og hann var með brúnt hökuskegg. Ókunnugi maðurinn mældi Karl Óskar út með augunum. Augnaráðið var fjórlegt og vakandi.

Karl Óskar ætlaði að ávarpa manninn á ensku, en hinn varð fyrri til: „Dú ert sænskur, *I guess?*“

Karl Óskar var steinhissa. Hér hitti hann bláókunnugan mann úti í óbyggðunum og maðurinn ávarpaði hann á móðurmáli hans.

Skógarhöggsmaðurinn hjó exinni í stubbinn svo að hún sat föst og rétti svo Karli Óskari höndina.

„Ég heiti Pétur Ólafsson. Ég er bóndi frá Álftársókn í Helsingjalandi.“

Karl Óskar nefndi nafn sitt: Hann var bóndi og ættaður frá Ljóðhúsasókn í Smálöndum.

„Ég hafði rétt fyrir mér áðan: Dú ert Sví!“

„Hvernig gastu vitað það?“

„Fæturnir, *you see!*“

Bóndinn frá Helsingjalandi brosti þegar hann benti á fótabúnað Karls Óskars. Hann var með langar, breiðar tennur.

„Tréskórnir þínir, man! Bara sænskt *people* notar *wooden shoes!*“

Karl Óskar vissi að Svíarnir voru kallaðir fólkíð á tréskónum.

Pétur Ólafsson tók ofan hattinn; hann var sköllóttur á hvirflinum. Eftir útlitinu að dæma virtist hann vera um fertugt, áratug eldri en Karl Óskar. Það var auðséð á klæðaburði hans og málfari að hann hafði búið nokkur ár í Ameríku. Hann talaði svipað og Andrés Monsson í Taylors Falls, en hann var meðal fyrstu Svíanna sem settust að í fríríkinu.

„Hvaða trjátegun notar þú þegar þú *meikar* tréskó, Nelson?“

Karl Óskar svaraði: Hér óx ekkert elri, og þess vegna notaði hann *basswood*, ameríska linditréð, í skóna. Það var mýkra en það sænska og auðvelt að vinna það. En hann átti engin heppileg verkfæri og þess vegna yrðu skórnir ekki eins léttir og þægilegir og þeir gætu verið.

Hann horfði á exina sem var föst í trjástubbum. Blaðið var ennþá þynnra og breiðara en á hans eigin exi.





„Þú getur unnið fastara með verkfærum Bandaríkjamannanna,“ sagði eigandi axarinnar. „Þeir gera alla hluti einfaldari. Þú skalt læra af þeim, vil ég ráða þér.“

Hann hélt að Karl Óskar væri nýkominn vestur um haf, og hann horfði með vanþóknun á exina hans sem var þykk og klunnaleg. Karl Óskar skýrði út fyrir honum að þetta væri gamalt ræksni sem hann notaði til að kljúfa girðingarstaura.

„Þú ert frá Helsingjalandi?“ bætti hann við. „Þú komst mér fyrir sjónir sem Ameríkumaður.“

Hann þurfti ekki að spyrja Pétur Ólafsson til hvers hann væri hingað kominn. Enginn felldi svona svera trjástofna nema í einum tilgangi. Hann ætlaði að setjast hér að.

Nú settust báðir landnemarnir á trjábólinn og héldu áfram að spjalla. Axarhögginn höfðu leitt saman tvo menn sem unnu sömu störf og töluðu sama tungumál, tvo sænska bændur. Þeir hittust sem ókunnugir menn, en um leið og þeir voru búnir að skoða axir hvor annars var eins og þeir þekktust. Þeir voru báðir friðsamir menn með friðsamleg verkfæri. Karl Óskar Nielsson frá Ljóðhúsum í Smálöndum og Pétur Ólafsson frá Álftá í Helsingjalandi röbbuðu saman í trúnaði eins og þeir hefðu búið í mörg ár í sömu sveit.

Það var logn og bærðist ekki lauf á trjánun. Allt í kringum mennina voru stór furutré með útbreiddar krónur. Hvergi var að sjá manna-bústaði og landið var ósnortið.

„Mér líkar landið hér,“ sagði bóndinn frá Helsingjalandi og horfði út yfir vatnið. „Ég ætla að setjast að hérna.“

„Þú ert velkominn hingað,“ sagði Karl Óskar. „Hér er nóg olnbogaráymi. Hér er ekkert fólk.“

„*That's right!* Við þurfum ekki að troða hvor öðrum um tær.“

Pétur Ólafsson benti á timburkofa spölkorn frá þeim. Þar ætlaði hann að búa fyrst um sinn. Hann var nýfarinn að höggva við í bjálkahús. Þegar það væri tilbúið ætluðu konan hans og börnin að koma.

Hann hafði flutt til Ameríku fyrir sjö árum, árið 1846, í félagsskap Eiríks Jansonar. Hann hafði sest að á sléttunum í Illinois, en kundi ekki við sig þar og vildi fremur búa í skóglendi sem líktist heimabyggð hans í Helsingjalandi. Annar bóndi frá Álftársókn, Jóhannes Nordberg, hafði kynnt sér staðhætti hér í Minnesota og sagt honum að landið væri mjög frjósamt og vel fallið til búsetu. En sjálfur hafði Jóhannes Nordberg dáið í kólerufaraldrinum í Andover síðastliðið sumar.





Karl Óskar hafði heyrt nefndan bónda með þessu nafni, sem hafði verið á ferli við vatnið fyrir mörgum árum. Á litlum hólma í vatninu voru rústir af timburkofa þar sem hann átti að hafa búíð. Um þetta leyti var hér allt fullt af indíánum, og hann hafði sjálfsagt flúið undan þeim. En síðan var hólminn kenndur við hann.

„Jóhannes hefur haft rétt fyrir sér. Þetta er land af plenty!“

Pétur Ólafsson hafði fundið heppilegt svæði til að setjast að á: Hér var myndarlegur skógur og sléttir, grasi vaxnir vellir. Það var von á mörgum fleiri Svíum sem höfðu tekið mark á lýsingu Nordbergs á St. Croix-dalnum.

„Landið er komið í sölu,“ sagði Karl Óskar. „Ég sé að þú hefur sest að á næstu jörð við mína.“

„Já, ég er búinn að tala við þá á skrifstofunni og líta á kortið.“

Pétur Ólafsson hafði valið eystri hlutann af svæði númer 35, township 34 og range 20. Bóndinn frá Helsingjalandi vissi allt um það hvernig nema átti land: Hann hafði verið tvöfalt lengur í landinu en Karl Óskar.

„Konan mín er tilbúin með hádegismatinn. Mundirðu gera þér að góðu að borða með okkur einfaldan hversdagsmat?“

„Hversu langt er heim til þín?“

„Það er ríflega ein míla. Ég á svæðið norðaustan við þig.“

„*All right!* Ég hefði gaman af að sjá hvernig þú býrð.“

Landnemarnir stóðu á fætur. Sá yngri gekk á undan heimleiðis.

„Hvenær settistu að hér, Nelson?“

Karl Óskar svaraði: Um Jónsmessuna voru liðin þrjú ár frá því að hann og fjölskylda hans stigu á land í New York og í júlí voru þrjú ár síðan þau komu til Minnesota.

Karl Óskar greikkaði ósjálfrátt sporið – hann var á leið heim með frétt sem mundi gleðja Kristínu: Eftir langvarandi einangrun höfðu þau nú eignast nágranna.

2

Mennirnir námu staðar á stígnum sem lá frá árbakkanum upp að bjálkahúsinu. Sá eldri litaðist um í allar áttir: Barrskógur var í vestri, laufskógur með eikum, hlyni og álmi í norðri og austri, Ki-Chi-Saga í suðri. Í miðjunni var svo grassléttan sem að hluta til hafði verið breytt í akur.

„Hér er gott land. Sá sem kemur fyrstur getur valið vel.“





Og Karl Óskar var sjálfur sannfærður um að hann hefði verið mjög heppinn þegar hann kaus sér þetta land. Hann hafði nefnt nýbýlið Dúfuland eftir heimili eiginkonu sinnar. Það var viðeigandi nafn vegna þess að hér flugu dúfur í þúsundatali, svo að þær skyggðu á sólina.

Börnin voru að leik utan við húsið. Þau komu hlaupandi þegar þau sáu föður sinn. Jóhann, elsta barnið, kom fyrstur og síðan hin í aldursröð: Marta, Haraldur og síðast Dan litli sem aðeins hafði gengið uppréttur í tvö ár. Hann datt tvisvar, svo að hann varð kippkorn á eftir systkinum sínum.

Karl Óskar lyfti honum varlega upp og sýndi hann gestinum: Yngsti drengurinn hans, tveggja og hálfis árs gamall, var sá eini af börnunum sem fæddur var hér í Ameríku og því sá eini í fjölskyldunni sem hafði þegnurétt í landinu, líklega sá eini af Svíunum í St. Croix-dalnum. Hann var skírður Daníel en hafði misst helminginn af nafninu – hann var kallaður Dan því að það nafn hæfði betur Ameríkumanni.

Bóndinn frá Helsingjalandi klappaði á kollinn á drengnum og snáðinn horfði undrandi og hræddur á gestinn.

„Ég er Pétur. Og þú ert herra Dan Nelson. Þú ert fæddur hérna og þess vegna getur þú orðið forseti Bandaríkjanna. En hvorki ég né faðir þinn eigum þess kost. Við erum aðfluttir.“

Karl Óskar hló. En yngsta syni hans var sama hvort hann gæti orðið forseti. Hann fór að gráta hástöfum og vafði handleggjunum um hálsinn á þabba sínum.

„Hann er feiminn og hræddur við ókunnuga,“ sagði Karl Óskar.

Jóhann var óánægður og vildi fá meiri athygli. Hann kippti í buxurnar á föður sínum:

„Við sáum höggorm rétt áðan!“

„Stóran *snake!*“ bætti Marta við.

„Grænyrjóttan höggorm, pabbi ...“

„Hann skreið undir húsið ...“

„*Snakes* skríða fram úr fylgsnunum og fara á kreik þegar hlýnar á vorin,“ sagði gesturinn. „Þið skuluð vara ykkur á þeim, krakkar!“

Haraldur sem var fjögurra ára saug þumalputtann og glápti á manninn sem var með þabba hans. Hann var berrassaður í skyrtugopa einum fata og tynnið gægðist fram á milli fótanna.

Pétur Ólafsson hætti snögglega að horfa á drenginn eins og eitthvað kæmi illa við hann.

„Hvar eru buxurnar þínar, drengur?“ spurði faðir hans.

„Mamma er með þær. Hún er að gera við þær.“





„Hann reif stórt gat á buxurnar sínar,“ sagði Jóhann.

„Veslingurinn. Og hér hleypur hann um og sýnir allt sem hann ál!“

Karl Óskar hélt á yngsta syni sínum á hægri handleggnum. Nú tók hann líka upp buxnalausa drenginn. Það skein þá ekki jafnmikið í bert. Það var líkast því að Pétur Ólafsson hefði hneykslast á því að sjá beran liminn á barninu. Hann var ekki jafn mildur í framkomu og áður.

„Börnin vaxa hratt. Það stendur allt á beini á þeim. Bráðum eiga þau ekki bót fyrir rassinn á sér.“

Pétur strauk á sér skeggið og svaraði engu. Karl Óskar fann til blygðunar vegna þess hve föt barnanna voru útslitin og óásjálæg. Þau höfðu varla fengið nein ný plögg síðan þau komu hingað og í vortunni sást að fötin voru gatslitin og stagbætt.

„Ég sáði líni bæði í fyrra og í ár,“ sagði Karl Óskar. „Bráðum fá krakkarnir eitthvað skárra til að klæðast.“

„Börnunum verður ekki kalt yfir sumarið,“ svaraði Pétur Ólafsson. Honum varð litið á buxur föður barnanna. Á þeim var bót við bót.

Karl Óskar gekk upp að dyrunum með tvö börn á handleggjunum og önnur tvö sem fylgdu fast á eftir. Dyrnar opnuðust innanfrá og höfuð Kristínar kom í ljós:

„Þú ert seinn í dag. Ég var dauðhrædd um að eitthvað hefði komið fyrir ...?“

„Já, Kristín,“ sagði Karl Óskar hátíðlega. „Það sem hefur komið fyrir er að við höfum eignast nágranna.“

Nú birtist bóndinn frá Helsingjalandi. Hann tók ofan hattinn og sagði:

„Yes. Hér kemur nágranninn.“

Kristínu varð orðfall. Svo þurrkaði hún sér á svuntunni áður en hún rétti fram höndina. Hann greindi frá nafni sínu og hvaðan hann væri.

„Sænskur ...?“

„Já, sænskur að mestu leyti ennþá, ég guess. Við erum nágrannar, frú Nelson.“

„Það var óvænt ... Kom alveg á óvart ...“

Í fátinu hafði hún ekki rænu á að bjóða gestinum að ganga í bæinn. Hún stóð í dyrunum og Karl Óskar spurði hlæjandi hvort hún ætlaði ekki að hleypa þeim inn í húsið.

Þegar þeir voru komnir inn fyrir bauð Kristín bóndann frá Álftá velkominn.

„Nágranni! Á því átti ég ekki von!“

Pétur Ólafsson litaðist um í herberginu og virti fyrir sér húsgögnin.





„Þú smíðar allt sjálfur, Nelson?“

„Já, en það er illa gert og klunnalegt.“

„No. Þú tekur Bandaríkjamennina þér til fyrirmyndar. Það er skynsamlegt. Þeir gera alla hluti einfalda og hagkvæma.“

Pétur Ólafsson lauk lofsorði á rúmin. Það var eitthvað mynduglegt og afgerandi í rödd hans og framkomu. Það var auðheyrð að hann var vanur að segja fyrir verkum. Hann var áratug eldri en Karl Óskar og hafði auk þess verið lengur í Ameríku.

Karl Óskar hafði boðið Pétri í mat án þess að vita hvað Kristín hefði á boðstólum. Hún afsakaði sig og sagðist ekki hafa upp á annað að bjóða en hversdagslega súpu úr steinbít. Og svo mjólk og brauð með sírópi. Þetta væri ekki matur til að bjóða gestum. Nú var sá tími ársins sem erfiðast var með mat. Vetrarbirgðirnar voru á þrotum og engin uppskera enn komin. Karl Óskar mundi að þau höfðu borðað síðustu kartöflurnar fyrir nokkrum dögum.

„Við eigum saltkjöt. Ég get sodið baunir, en það tekur töluverða stund,“ sagði Kristín.

„Það tekur of langan tíma,“ sagði Karl Óskar. „Við erum svangir.“ En honum gramdist að geta ekki boðið nágretta sínum betri mat í fyrsta sinn sem hann kom í heimsókn.

„Ég get búið til rófustöppu með kjötinu, það er fljótlegt,“ sagði Kristín. „Við eigum rófur í geymslugryfjunni.“

Karl Óskar lagði af stað að sækja þær og félagi hans með honum. Honum var mikið í mun að nágretti hans liti ekki á hann sem reynslulausan byrjanda.

Hann sagði að það væri minna mál að afla matarins en að halda honum óskemmdum. Það væri mikið verk að múra geymslukjallara eins og tíðkaðist í Svíþjóð. Ennþá hefði honum ekki unnist tími til þess. En hann hefði fundið ýmsar aðferðir til að geyma matinn óskemmdan. Hann hafði grafið gryfju fyrir rófur og þakið hana með hálm og mold. Ef lokið væri tíu þumlungar geymdust rófurnar óskemmdar, hversu kalt sem væri í veðri.

Hann nam staðar við hrúgu á jörðinni og ýtti til hliðar hálminum og moldinni. Svo lagðist hann á hnén, lyfti lokinu og teygði sig ofan í holuna. Upp gaus daunn og hann fór að gruna margt. Hann stakk niður hendinni til að draga upp rófu. Hann greip í eitthvað mjúkt og í ljós kom dökkbrún leðja sem lagði af megna fýlu.

„Djöfullinn sjálfur! Rófur eru orðnar að drullu!“

Félagi hans beygði sig niður og staðfesti að rófurnar væru ónýtar.





Karl Óskar skammaðist sín. Það þurfti ekki að sjóða rófurnar sem hann ætlaði að bjóða gesti sínum. Þær voru þegar orðnar að stöppu.

„Það er vegna hitans,“ sagði gesturinn.

„Ég hef gleymt að gera loftgöt á hlemminn,“ sagði Karl Óskar.

„Þú hefur haft of mikið af spónum og mold ofan á holunni,“ sagði Pétur. „Fimm tommur hefði verið nóg.“

„Þá hefðu rófurnar frosið í vetur.“

„Ekki ef þú hefðir vandað þig. Þú hefur haft of þykkt lag ofan á. Þér hafa orðið á mistök, Nelson.“

Karl Óskar roðnaði. Hann vissi að það veitti ekki af tíu tommum til þess að maturinn frysí ekki í vetrarkuldunum. En nú hafði hlýnað snögglega og hann hafði gleymt að gera göt í hlerann til þess að hleypa inn lofti ... þess vegna höfðu rófurnar skemmt.

Hann þurrkaði sér um hendurnar á hálm. Það var lítil eftirsjá í rófunum, en hann hefði langað til að sýna landa sínum hvernig hann færi að því að halda matnum óskemmdum yfir veturinn ... Og nú var verið að setja ofan í við hann og kenna honum. Hann hafði ekki farið neitt rangt að, einungis gleymt einum þættinum. Þetta var skammarlegt. Það versta sem hann vissi var að láta kenna sér og segja sér fyrir verkum.

Þeir sneru aftur inn í húsið. Karl Óskar hélt á tómrri körfunni, auðmýktur og niðurlægður: Hvað átti hann nú að bjóða gesti sínum? Þau voru óheppin í dag. Hann sá það á Kristínu að hún var að reyna að finna upp á einhverju. Hana langaði eins og hann til að taka vel á móti gestinum.

Þegar þeir sneru aftur inn í húsið mætti þeim matarilmur.

„Ég þarf ekki rófurnar. Ég ætla að baka lummur í staðinn, það er fljótlega.“

Kristín átti í förum sínum malað bygg, mjólk og svínafeiti. Og það var svolítið eftir af mýraberjasultu frá því í fyrra.

„Setjist þið niður og fáið ykkur á diskana jafnóðum og ég baka lummurnar.“

Það væri verst ef börnin kæmu inn, þá fengi hún engan frið með lummurnar. Hún hafði gefið þeim sykurmola og sent þau út að leika sér.

Það lyftist strax brúin á Karli Óskari þegar hann fann lyktina.

„Ég held að þú getir galdrað, Kristín!“

Hún lagði lummurnar á disk, og nú breyttist líka upplitið á bóndanum frá Helsingjalandi:

„Þetta er veislumatur, frú Nelson. Alveg eins og maður fékk heima í Svíþjóð!“





Karl Óskar ætlaði að setjast. En þá varð hann var við að Pétur Ólafsson stóð aftan við stólinn sinn, hann hneigði höfuðið og spenniti greipar. Svo fór hann að lesa borðbæn hárrí röðdu:

*Við setjumst til borðs í Jesú nafni,
etum og drekkum og þökkum Guði.*

Kristín tók undir borðbænina þar sem hún stóð við eldavélina og fylgdist með bakstrinum. Hún var með slæma samvisku: Þau höfðu vanrækt borðbænina í seinni tíð. Hún og Karl Óskar áttu að vera börnunum fyrirmynd. En landnemarnir voru farnir að gleyma borðbænum sínum. Daníel, móðurbróðir hennar, var sá eini sem aldrei lét bænina falla niður. Hún hafði sagt Karli Óskari að þau hegðuðu sér eins og svín. Þau ruddust að borðinu og hámuðu í sig matinn. Það var dýrlegt af þeim að gleyma því hvaðan allar góðar gjafir væru komnar. Munurinn á mönnum og dýrum var sá að mennirnir gátu flutt borðbænir en skepnurnar ekki.

En nýi nágranninn var mælskur eins og prestur. Hann hlaut að vera sanntúaður.

Eftir stundarkorn settist Kristín við borðið þar sem karlmennirnir gerðu lummum góð skil. Gesturinn sagði þeim að hann ætlaði að setjast að hér skammt frá, ásamt konu sinni og þremur börnum.

„Ég hef aldrei þorað að vona að neinn settist að á svona afskekktum stað,“ sagði Kristín.

„Well, en hér er frjór gróðurmold, og plenty af fiski í vatninu.“

Karl Óskar tók undir það að moldin væri vel fallin til ræktunar. Í fyrri hafði hann sett niður fjórar skeppur af kartöflum en tekið upp 48 – það var tólfföld uppskera. Og svipað mátti segja um rúgin og byggid. Sæðið var ekki fyrr komið í moldina en það tók að spíra og gægjast upp úr jörðinni. Þó að maður sáði sagi eða hefilsþónum mundi eitthvað koma upp af því.

Kristín hugsaði: Það var alveg sama hversu frjór akurinn væri, hann gæti aldrei bætt upp einmanakenndina.

„Við hjónin erum ekki einungis að hugsa um afkomu okkar og efnahag hér í Ameríku,“ sagði Pétur Ólafsson. „Við erum líka að leita að andlegu frelsi.“

Hann skýrði frá því að hann og kona sín hefðu snúið baki við fólkskum og skaðlegum kenningum sænsku kirkjunnar, en hallað sér að hreinu og ómenguðu Guðs orði eins og sagt er frá því í Biblíunni. Í kjölfar þess tóku yfirvöldin og þjónar kirkjunnar að ofsækja þau svo





að þau neyddust til að flýja land. Þau hjónin höfðu slegist í för með Eiríki Janson og fylgt honum til Bishop Hill í Illinois. Þar var ætlunin að reisa nýja Jerúsalemborg. En þegar til Ameríku var komið ofmetnaðist Eiríkur Janson og þóttist vera æðri Guði. Eftir það fyrirlitu allir góðir menn hann. Þegar hann hafði þolað yfirgang hans í þrjú ár yfirgaf hann spámanninn frá Bishop Hill. Það var árið áður en hann var myrtur. Í Andover hafði hann gengið í lúterskan söfnuð.

Pétur Ólafsson fékk sér lummy í viðbót:

„Hefur þú líka sagt skilið við sænsku ríkiskirkjuna, Nelson?“

Karl Óskar sagðist hafa flust úr landi af fúsum og frjálsum vilja. En móðurbróður eiginkonu hans ásamt ógífri konu í þjónustu hans hefði verið vísað úr landi sökum villutrúar.

Bóndinn frá Helsingjalandi leit upp: Hann hafði verið dæmdur í tvöhundruð dala sekt fyrir að lesa upp kafla úr Biblíunni í sínu eigin húsi. Í Helsingjalandi og Dölunum höfðu mörg hundruð manneskjur fengið fangelsisdóm upp á vatn og brauð fyrir að lesa saman úr Biblíunni. Svona hættuleg var heilög ritning. En hér í Ameríku var leyfilegt að lesa Biblíuna spjaldanna á milli hvar sem manni sýndist.

„Í kvöldbæninni minni þakka ég í hvert sinn Guði Alföður fyrir hið nýja föðurland mitt. Svíþjóð er stórspillt af óréttlátum yfirvöldum.“

Það heyrðist hljóð frá glugganum bakvið gestinn: Jóhann stóð við rúðuna og glápti á fólkið sem var að borða. Hann náði tæplega upp í gluggann, en starði stórum augum á lummurnar. Fyrir aftan hann sást í hárið á Mörtu.

„Krakkarnir finna lyktina af lummunum,“ sagði Karl Óskar.

„Þau eru nýbúin að borða. Þau geta beðið,“ sagði Kristín.

Mamman ávitaði börnin. Hver hafði leyft þeim að gægjast á gluggann þegar það voru gestir? Börnin hurfu strax. Kristín leit snöggt á komumanninn. Skyldi hann halda að hún sveltir börnin sín? Það var auðséð að þau voru í góðum holdum. Sjálf borðaði hún sig aldrei sadda fyrr en hún var orðin viss um að börnin hefðu fengið nóg. Það yrði að ráðast hvort eitthvað yrði eftir af góðgæti seinna í dag.

Pétur Ólafsson kom nú aftur að veraldlegu málunum. Hann spurði hjónin hvernig þeim hefði gengið að fæða sig og klæða þessi þrjú fyrstu búskaparár sín hérna.

Karl Óskar svaraði: Fyrsti veturinn var erfiðastur. Það haust var engin uppskera. Fjölskyldan var stundum svöng. En þegar voraði og fór að hlýna leysti ísana, og þá var hægt að veiða fisk. Og þegar sumarið kom var hægt að tína ber og ávexti. Um haustið fengu þau heilmikið af kartöflum, og korni í brauð sem entist þeim allan





veturinn. Þegar akurinn stækkaði þurfti ekki framfar að hafa áhyggjur af því að maturinn nægði ekki. Annan og þriðja veturinn hafði kuldinn verið verstur. Bjálkahúsið var gisið, og þegar kaldast var reyndist nauðsynlegt að kynda dag og nótt vegna barnanna. Veturinn sem leið hafði verið hrikalega erfiður með stórhriðum og margra feta djúpum snjó.

Það hafði ekki verið ætlunin að búa nema tvo eða í hæsta lagi þrjá vetur í bjálkahúsinu. Karl Óskar var búinn að leggja grunn að nýju húsi, en honum mundi ekki takast að reisa það í sumar.

Kristín greip nú fram í: Það voru slíkar öfgar í veðrinu hér. Á sumrin var of heitt en fimbulkuldi á veturna. Það hefði þurft að vera vor eða haust árið um kring, því að þá var veðrið gott. En hér í Ameríku var óhóf: heitara á sumrin og kaldara á veturna en í Svíþjóð. Meira rok og blautara regn. Og eins var það með dýrin: Slöngurnar voru eitradri, rotturnar gráðugri, engispretturnar skaðlegri, mýflugurnar ágengari en í Svíþjóð.

„Indiánarnir eru hættulegri en villidýrin,“ sagði Pétur Ólafsson.

Kristín hélt því fram að rauðbrúna fólkið hefði hingað til komið friðsamlega fram. Það höfðu komið indiánar inn í húsið til þess að hlýja sér við eldstæðið. Hún hafði gefið þeim mat og heitt að drekka og komið fram við þá eins og vini. Hún reyndi að leyna því hve hrædd hún var, og þeir höfðu ennþá ekki unnið henni neitt mein.

„Chippewa-stofninn er friðsamlegur. Aðrir indiánaflokkar eru herskárri. Þeir myrða, stela og nauðga konum landnemanna.“

Kristín var hætt að borða. Hún starði fram fyrir sig: Þau höfðu talað um óveður og villidýr, en enginn hafði ennþá nefnt það sem var verst: Það var einangrunin, einmanaleikinn og tilbreytingarleysið við Ki-Chi-Saga.

„Mikið er ég glöð að við skulum loksins vera búin að fá nágranna!“

Það var djúp tilfinning í orðunum. Hingað komu stöku sinnum veiðimenn eða starfsmenn timburfélagsins, en hvaða gagn var að því að fá gesti ef ekki var hægt að skiptast á orðum við þá? Það liðu mánuðir án þess að nokkur manneskja kæmi sem hægt væri að ræða við á móðurmálinu. Núna hafði Kristín þörf fyrir að segja landa sínum frá því hvernig það hefði verið að lifa í einangrun í þrjú löng ár: Það var svo hversdagslegt að sjá aldrei nýtt andlit. Maður yrði svartsýnn og fylltist tómléikakennd og fyndist allir dagar vera eins.

Hún forðaðist að horfast í augu við Karl Óskar meðan hún talaði en hann leit undrandi á hana:





„Ég hélt að þú værir orðin vön því að búa afskekkt, Kristín?“

„Ég held að það venjist aldrei.“

Henni vöknadi um augu og hún sneri sér undan.

Pétur Ólafsson hlustaði með athygli og nú sneri hann sér að Karli Óskari:

„*Sorry* að frú Nelson skuli finnast hún vera einmana hér í Ameríku!“

Hún bað hann að kalla sig ekki frú Nelson. Hún væri engin amerísk frú, hún væri hversdagsleg sænsk bóndakona. Hún vildi bara láta kalla sig Kristínu. Og mætti hún ekki kalla hann Pétur frænda? Þegar hún talaði við hann á sænsku fyndist henni eins og hann væri frændi sinn.

„*All right!* Kallaðu mig frænda! Og nú skulum við ekki vera með áhyggjur, Kristín! Mitt hús mun standa þér opið!“

Hún reis snögg á fætur:

„Hér sit ég og þvaðra og gleymi mér ... Ég ætla að setja yfir könnuna!“

Bóndinn frá Helsingjalandi stóð upp og las þakkarbæn fyrir matinn:

„Lofaður sért þú, Guð, fyrir mat og drykk! Hjálpaðu oss til að trúa á þig og halda þín boðorð!“

Kristín spennti greipar og tók undir bænina. Henni fannst vera helgidagur í bjálkahúsinu.

3

Karl Óskar beið óþolinmóður eftir að fá að sýna gestinum framkvæmdirnar á búinu, en Kristínu langaði til að halda áfram spjallinu inni í húsinu. Karl Óskar hafði ekki séð hana svona málgláða árum saman. Hún fyllti á bollann hjá gestinum áður en hann varð tómur.

Pétur sagði að það mundi fljótlega bætast við fleiri Svíar. Tvær fjölskyldur ætluðu að koma snemma í sumar, önnur frá Helsingjalandi, hin frá Austur-Gautlandi. Hann þekkti báðar fjölskyldurnar. Hann hafði í bréfi lýst landgæðunum hér og hvatt fólk til að flytjast til þessa allsnægtalands. Það mundi flykkjast hingað fólk frá Svíþjóð, svo að fljótlega yrði einangrunin rofin.

Þetta voru gleðifréttir fyrir Kristínu sem hafði kviðið því að þau mundu búa einsömul við Ki-Chi-Saga-vatnið um alla framtíð. Hún óttaðist að nágrenni þeirra væri einungis að segja þetta til þess að hugga hana.





„Hversu margir eru sænsku settlararnir hérna í dalnum?“ spurði Pétur Ólafsson.

Karl Óskar taldi þá upp: Næsta býlið á leiðinni til Taylors Falls var Nýja-Fenjagerði. Þar bjó Daníel Andrésson en hann var móðurbróðir Kristínar. Hann var ekkjumaður og átti þrjú börn. Stutt þar frá bjó Jónas Pétur Albertsson, sem líka var bóndi frá Ljóðhúsum. Ráðskona hans var nefnd Sænka-Anna. Í Taylors Falls bjó Svíi frá Eylandi, Andrés Monsson. Öldruð móðir hans sá um húshaldið fyrir hann. Þarna stutt frá bjó líka roskinn skinnaveiðimaður, Samúel Nöjd. Svo voru þarna þrír einhleypir, ungir Svíar sem höfðu sest að við lítið vatn, Hay Lake, þeir komu þangað síðastliðið vor, en hann hafði aldrei hitt þá. Og í hans eigin fjölskyldu voru tveir fullorðnir og fögur börn. Samkvæmt þessu bjuggu átján Svíar í St. Croix-dalnum.

„Og nú bætast þrjár fjölskyldur við,“ sagði gesturinn. „Þetta verða þá um þrjátíu manns. Við getum myndað söfnuð.“

„Hvers konar söfnuð?“ spurði Karl Óskar.

„Söfnuð sem byggir kirkju. Í Andover vorum við ekki nema tuttugu og tvö, en mynduðum samt söfnuð.“

„Kirkjusókn ...?“

„Já, við reisum kirkju.“

„Byggjum kirkju?“ sagði Kristín forviða.

„Já, lítið bænahús úr timbri.“

Það varð löng þögn. Karl Óskar leit forviða á gest sinn: Landnemarnir voru ekki enn búnir að koma upp bráðnauðsynlegum húsum yfir sjálfa sig og skepnurnar. Hann var búinn að reisa hlöðu en úti-húsin fyrir skepnurnar voru ekki enn fullbúin. Og í sumar ætlaði hann að koma upp kornhlöðu svo að hægt yrði að þreskja kornið innanhúss. Og ástandið hjá hinum bændunum? Hvernig í ósköpunum ættu þeir að fara að því að byggja kirkju og borga presti laun?

„Við megum ekki hugsa einungis um veraldlega hluti og gleyma hinum eilífu gildum. Það að við þurfum að byggja yfir fénaðinn er engin afsökun fyrir að láta vera að reisa Guðshús!“

Það var greinilegur áminningarblær í röddinni.

„Að reisa kirkju,“ tautaði Kristín. „Kemur það til greina?“

Gesturinn hélt áfram: Hérna í Ameríku var fjöldinn allur af falspámönnum sem leiddu fólk á villigötur. Hann hafði fyrirhitt landa sem lifðu eins og heiðingjar og hlustuðu aldrei á Guðs orð. Góðir, kristnir menn, nágrennar hans í Svíþjóð, höfðu slegist í hóp manna sem voru á leið í gullnámurnar í Kaliforníu: Þeir sóttust eftir auði í staðinn fyrir sannleika fagnaðarerindisins. Þessir menn leituðu að gull-





molum sem þeir héldu að kæmu í staðinn fyrir eilíft líf. Þeir voru 28 talsins sem lögðu af stað en einungis fjórir sneru aftur lifandi. Af þeim hafði aðeins einn fundið það mikið gull að hann gæti talist vel stæður.

„Bróðir minn kom með mér til Ameríku. Hann fór til Kaliforníu með félag sínum í leit að gulli fyrir tveimur árum.“

„Hefur nokkuð frést af þeim?“

„Aðeins tvisvar sinnum.“

Karl Óskar fór í handraðann á kistunni, tók upp pappírsörk og rétti gesti sínum.

„Þetta er seinasta bréfið frá bróður mínum. Það er nýkomið.“

Pétur Ólafsson las sendibréfið upphátt:

„Á the California Trail janúar 1853.

Dear bróðir Karl Óskar Niélsson.

Hvernig líður ykkur Kristínu og börnunum? Ég er well. Við Arnfinnur erum *still* á the California Trail. Sú leið er löng, næstum því jafn löng og leiðin til baka home til Svíþjóðar. Við höfum lifað mörg ævintýri. Ég get ekki skrifað ykkur um það núna, en mun segja það allt saman þegar við hittumst.

Okkur líður wel, en við höfum lent í ýmsum *tröbbel*. Okkur mun áreiðanlega vegna *wel* hér í gulllandinu. Þú getur reitt þig á það.

Þú ert alltaf að róta í akrinum þínum, *I guess*. Þér líkar það. En ég vil helst spila *lone hand*. Ég er að leita að gulli og mun finna það. Vertu ekki *wörríð* vegna bróður þíns. Ég mun koma aftur þegar ég er orðinn ríkur. En fyrir kem ég ekki. Þá skal ég kaupa uxu handa þér og kým fyrir Kristínu.

Arnfinnur biður fyrir kveðjur til gamla húsbónda síns og allra Svíanna þarna. Ég bið að heilsa Kristínu og börnunum.

Þinn bróðir
Róbert Niélsson.“

„Róbert hefur ekki skrifað hvert ætti að senda póstinn hans,“ sagði Kristín.

„Hann hefur enga fasta utanáskrift. Hann segist vera á leiðinni,“ skýrði Pétur út. „Gullgrafararnir verða að fara yfir há fjöll og víðlendrar eyðimerkur. Og þurfa plenty af tíma til þess.“

Karl Óskar horfði í átt að rúminu þar sem Róbert hafði sofið. Hann var mjög alvarlegur á svipinn:





„En bróðir minn er búinn að vera tvö ár á leiðinni.“

„Þegar hann fór sagðist hann ekki ætla að koma heim aftur fyrr en hann væri búinn að finna gull,“ sagði Kristín. „Og það sama segir hann núna í bréfinu.“

„Það veit enginn hvort hann er enn á lífi,“ sagði Karl Óskar.

Af 28 gulleitarmönnum komu aðeins fjórir lifandi heim. Og sjálfs-ásökunin helltist yfir Karl Óskar. Hefði hann getað stöðvað þessa glæfraferð?

„Hann lofar þér uxum þegar hann kemur til baka,“ sagði Pétur um leið og hann skilaði aftur bréfinu.

Því svaraði eldri bróðirinn engu. En hann spurði gest sinn:

„Það er eitt í bréfinu sem ég skil ekki – hvað þýðir að *spila lone* hand?“

„Að bróðir þinn vilji fara sína eigin leið.“

„Já, það má með sannni segja að hann hafi gert það þegar hann lagði af stað til Kaliforníu.“

Karl Óskar lét bréfið aftur ofan í kistu:

„Eigum við að líta á skepnurnar?“

Meðan Kristín gekk frá í húsinu fóru karlmennirnir út að skoða sig um. Karl Óskar langaði til að sýna gestinum hverju hann hafði komið í verk á þremur árum. Norðan við bjálkahúsið hafði hann byggt útihús fyrir skepnurnar. Það var ennþá ófrágengið að innan. Þarna voru tveir básar og á þeim stóð ein kýr og ein kvíga. Karl Óskar hafði keypt kelfda kú af Þjóðverjanum Fischer í Taylors Falls og kvígan sem hún ól var nú nýbúin að fá naut. Þegar væru komnar tvær kýr mundu þau fá næga mjólk árið um kring. Kýrin var kölluð Lady í höfuðið á kú sem þau fengu lánaða fyrsta veturinn sem þau bjuggu hér. Kvígan var kölluð Fröken.

„Og þegar hún er búin að bera þá verðum við að kalla hana Frúna,“ sagði Karl Óskar hlæjandi.

Í húsinu var nóg rými fyrir fleiri dýr. Þeir litu í króna: Tvær ær höfðu borið í vor og önnur var tvílembd, svo að þarna voru fimm kindur. Þetta voru nægjusöm dýr og þurftu ekki mikið fóður en gáfu af sér næga ull í sokka og nærföt. Í svínastíunni voru tveir grísir. Það þurftu ekki mikið að hafa fyrir svínunum. Þau gengu sjálfala meðan jörð var auð. Og kjötið af þeim var mikil búbót. Eitt hornið var ætlað hænsnunum. En það var tómt: Varphæna kostaði fimm dollara.

Í hænsnastíunni geymdi Karl Óskar amerísku verkfærin sín. Hann sýndi hreykinn cradle-kornljáinn með fimm langa tré fingur sem festir voru við orfið. Þetta áhald var mun hentugra en sambærilegt verkfæri





í Svíþjóð. En það var þungt og maður þurfti að venjast því. Og svo var þarna grófhakinn sem var haki og exi í senn: Þetta var mjög snjöll uppfinning. Öðrum megin var haki en hinum megin exi. Þegar verið var að ryðja land og höggva sundur rætur þurfti ekki annað en að snúa tækinu við þegar farið var úr einu verki í annað.

Pétur líkaði það vel að Karl Óskar skyldi notfæra sér amerísku verkfærin.

Næst skoðuðu þeir akurinn. Gesturinn mældi út svæðið með augunum:

„Það er mikið sem þú ert búinn að rækta.“

„Tíu ekrur. Meirihlutann plægði ég fyrsta árið mitt hér.“

Akurinn væri þrisvar sinnum stærri ef hann hefði átt dráttardýr. En tveir uxar kostuðu hundrað dollara. Og ef hann leigði uxu af timburfélaginu þá kostaði það fimm dollara á dag, svo hann hafði orðið að ryðja stóran hluta af akrinum með haka og skóflu. Álit Péturs á Karli Óskari jókst þegar hann sá áhöldin hans og akurinn.

Karl Óskar sýndi honum svæðið þar sem hann hafði sáð haustrúgi. Hann var þegar farinn að mynda öx. Þeir skoðuðu líka blettinn þar sem vorrúginum hafði verið sáð, og reitinn sem var ætlaður fyrir kartöflur. Í haust hafði Karl Óskar í hyggju að sá hveiti í fyrsta sinn. Það ætti að vaxa vel í svona frjósamri jörð. Það yrði gaman að fá að mala sjálfur þetta fína, hvíta mjöl sem var svo dýrt í Svíþjóð að einungis var hægt að baka úr því á stórhátíðum.

„Það verður gott að fá að bragða hveitikökur úr eigin uppskeru.“

Pétur ráðlagði honum að rækta heldur maískorn. Það var heppileg fæða bæði fyrir menn og skepnur. Í Illinois gaf maísinn fimmtugfalda uppskeru.

„Þú skalt hafa maísinn efst á akrinum, þar er moldin þurrust.“

Karl Óskar þóttist vita best sjálfur hvar moldin væri þurrust og hvar blautust, og þurfti engin ráð. En hann sagði ekkert.

Nú gengu þeir herra upp í brekkuna og komu að miklu rjóðri. Þar hafði verið lagður grunnur að stóru húsi.

„Hérna ætla ég að reisa íbúðarhús! Hér ætlum við að búa!“

Húsið ætti að verða tvær hæðir, fjörutíu feta langt og átján feta breitt. Það yrði fjórum sinnum stærra en bjálkahúsið sem þau bjuggu í. Og nú ætlaði hann ekki að nota ferskan við sem þornaði og spryngi. Síðustu tvo vetur hafði hann höggvið timbur í húsið, og það hafði náð að þorna og mundi ekki springa. Hann hafði ætlað að byggja húsið núna í sumar, en orðið að láta ganga fyrir að reisa kornhlöðu svo að hann þurfti ekki að þreskja kornið á ísnum á vatninu heldur





gæti gert það innanhúss. Og svo hafði hann látið það ganga fyrir að byggja hús yfir skepnum. En annað haust héðan í frá mundi húsið standa þarna, hátt og reisulegt. Úr suðurglugganum yrði hægt að sjá bæði út yfir vatnið og akurinn.

Nú varð Karl Óskar ákafur og lét ekki trufla sig. Hann talaði fjálglega um húsið sem enn var ekki til. Um þak og veggi sem enn höfðu ekki verið reistir. Um útsýni frá gluggum sem ennþá voru ekki komnir í. Hann þreifaði varlega á trjábólunum í grunninum, eins og hann væri að gæla við þá. Hér átti dagstofan að vera. Hérna mundu verða svefnherbergi, sitt við hvorn gaflinn. Og hér kæmi stórt eldhús. Svo horfði hann upp í himininn: Þarna yrði efri hæðin með tveimur stórum eða fjórum litlum herbergjum – hann var ekki búinn að ákveða hvort yrði.

Pétur Ólafsson var búinn að skrefa grunninn:

„Þú ætlar þér um of. Húsið er of stórt! Sannaðu til. Þú ræður ekki við það!“

Kristín hafði haft svipuð orð um húsið. En konur hafa ekki vit á húsum, hafði hann hugsað. En nú þegar nágrenni hans var á sömu skoðun fór hann að efast. Hann sagði að ef til vill hefði hann haft grunninn of stóran. Það kæmi til greina að minnka hann. Að lokum sýndi Karl Óskar nágrenna sínum svolitla jurt nálægt austurgaflinum á húsinu. Hann benti niður í moldina alvarlegur á svip eins og hann væri að segja frá leyndarmáli.

„Sjáðu. Hér vex jurt frá Svíþjóð!“

Þarna mátti sjá svolitla trjáplöntu, varla meira en sex eða sjö þumlunga á hæð. Pétur kraup niður og skoðaði blöðin:

„Er þetta ekki eplatré?“

„Það á eftir að stækka og verða að stóru tré sem gefur af sér ljúffeng astrakanepli.“

„Frá Svíþjóð? Það er undarlegt!“

Já, hann hafði gert það fyrir konuna sína að útvega eplasteina frá Svíþjóð. Hún þjádrist stundum af heimþrá og henni fannst vera huggun í því að hafa einhverja lifandi jurt frá gamla landinu nálægt sér.

Nú höfðu þeir skoðað nægju sína. Pétur Ólafsson gat séð að Karl Óskar hafði stadið sig vel fyrstu þrjú árin sem landnemi. Karlmennirnir héldu nú inn í húsið. Kristín ætlaði að hita upp það sem afgangs var af kaffinu, en gesturinn kvaðst verða að halda áfram að fella við í húsið sitt.

Hann var búinn að skoða sig um, og það var auðséð að hér hafði verið tekið til hendinni. Þetta yrði stórbýli eftir nokkur ár. En eitt





vildi hann segja þeim að skilnaði: Það væri ekki nóg að vinna vel. Það þyrfti líka að biðjast fyrir á hverjum degi. Sem nágrannar ættu þau að koma saman og styrkja hvert annað í trúnni.

„Héðan í frá munum við hittast oft, *I guess!* Og kæru sænsku systkin í trúnni: Gleymið ykkur ekki í veraldarvafstrinu heldur hugsíð um eilífðina!“

4

Karl Óskar og Kristín voru háttuð og létu hugann reika um atburði dagsins. Þessi dagur var ólíkur öllum öðrum á þessum afskekktu stað.

„Mér féll vel við hann,“ sagði Kristín.

„Já, hann er án efa duglegur og framtakssamur. Ég er viss um að hann kemst af hér.“

„Hann var guðrækilegur í tali, eins og prestur.“

„En hann er ráðríkur og vill segja fyrir verkum. Það á ég bággt með að þola.“

„En það var í góðum tilgangi þegar hann var að áminna okkur.“

„Ég er ekkert barn lengur, ég þarf engan til að segja mér fyrir verkum.“

„Það er alveg rétt. En við skulum reyna að láta okkur koma vel saman við nágranna okkar.“

„Það er best að hver sjái um sitt. Þegar það er orðið getur okkur vafalaust komið vel saman.“

„Hann hélt sjálfsgagt að við værum heiðin fyrst við fluttum ekki neina borðbæn,“ sagði Kristín eftir stundarpögn.

Karl Óskar geispaði og lagðist á hliðina. Hann var úrvinda eftir erfíði dagsins og feginn hvíldinni. En það kom fyrir að hann fyndi fyrir gamla meiðslinu í fætinum ef hann hafði gengið langt. Og nú hélt verkurinn fyrir honum vöku.

Kristín bjó sig undir að biðja kvöldbænina. Viðvörunarorðin frá Pétri Ólafssyni hljómuðu fyrir eyrum hennar – henni fannst eins og þau kæmu frá Drottni sjálfum. Þau hjónin hugsuðu ekki nægilega um andleg efni. Og fólk sem skoðaði þau frá sjónarhóli gestsins sá strax hvernig fyrir þeim var komið: Þau settu sáluhjálp sína í hættu. Þeim lá svo mikið á að sjá sér farborða að þau gleymdu að lesa borðbænina.

Hún syndgaði á margvíslegan hátt á hverjum degi og byrðin varð þyngri og þyngri. Í Svíþjóð hafði hún í hverjum mánuði létt af sér





syndaokinu með því að ganga til altaris. En nú hafði hún ekki neytt heilagrar kvöldmáltíðar í þrjú ár.

Hún ræddi stundum um eilífðarmálin við Daníel móðurbróður sinn og trúði honum fyrir því að syndabyrðin væri að sliga sig. En hann taldi sig svo syndum hlaðinn að hann ætti nóg með sig. Hann bað samt fyrir henni.

Karl Óskar bylti sér í rúminu:

„Ef þessar bannsettar engisprettur gætu þagnað einhvern tímann!“

Hvellt, ískrandi hljóðið í engisprettunum var líkast því að snúid væri ósmurðu hjóli. Þær sáu aldrei, en það heyrðist þeim mun meira í þeim. Það var sagt að þær mynduðu hljóðið með vængjunum. Þessi kvikindi gátu ekki flogið þó að þau væru með vængi, en notuðu þá þess í stað til að framkalla þetta ömurlega hljóð.

Kristín velti fyrir sér hvað það væri sem fengi svona lítil kvikindi til þess að mynda þetta ömurlega hljóð alla nóttina. Það hljómaði eins og kvalir fordæmdra.

„Karl Óskar,“ sagði hún. „Þú ert minnugur.“

„Já,“ tautaði hann. „Hvers vegna ertu að tala um það?“

„Manstu hvenær við gengum síðast til altaris?“

„Það var sunnudaginn áður en við fluttum að heiman.“

„Já, í apríl, fyrir rúmlega þremur árum,“ sagði hún.

Hann sneri sér að henni og sagði með undrun í röddinni:

„Ertu að hugsa um sakramentinn um hánótt?“

„Já, mér óar við syndabyrðinni sem hefur hlaðist á okkur allan þennan langa tíma.“

Hann svaraði: Þau bjuggu fjarri alfaraleið, langt frá öllum kirkjum og kapellum. Þau gátu ekki komist í snertingu við neinn prest sem hafði sömu trú og þau. Þau gátu ekki að því gert og Guð mundi fyrirgefa þeim.

„Það getur verið að hann fyrirgefi okkur ... Hvað veit ég um það?“

Nei, enginn gat vitað hvort það væri nægileg afsökun að þau byggju afskekkt, áleit hún. Og Karl Óskar hafði ekki hugsað svo mikið um þetta með skriftamálin. Sannast sagna hafði hann aldrei saknað altarisgöngunnar eftir að hann fluttist hingað. Kannski var hægt að leggja honum það til lasts.

„Hérna erum við á kafi í veraldarvafstri,“ sagði eiginkonan. „Við gleymum sálinni sem á að lifa að eilífu. Við gleymum dauðanum.“

„Auðvitað man ég að lífið tekur einhvern tímann enda. En er hægt að vera að hugsa um það allan daginn alla daga? Með því móti kæmi maður engu í verk.“





Ef hægt hefði verið að verjast dauðanum hefði málið horft öðruvísi við. En nú var dauðinn óumflýjanlegur og því ástæðulaust að vera að velta sér upp úr honum. Einn góðan veðurdag mundi maður leggjast á bakið og hætta að anda.

„En þú hlýtur einhvern tímann að hugsa um eilífðina sem tekur við, Karl Óskar?“

Hvað var það sem fékk Kristínu til að koma með svona spurningar núna í kvöld? Hann vissi ekki hverju hann ætti að svara. Það var rétt, hann gleymdi oft að fara með bænirnar. Það var að svo mörgu að hyggja að það vildi farast fyrir.

Karl Óskar svaraði seinlega: Því var þannig farið að hann skildi ekki eilífðina. Það var ofvaxið skilningi hans að eitthvað væri til sem hefði hvorki upphaf né endi ... Hann óskaði þess að Guð hefði gefið honum meira vit.

Kristínu þótti Karl Óskar vera auðmjúkur í kvöld. Annars fannst henni hann eiga til hroka og treysta meira á sjálfan sig en Guð. Hún hlustaði á tístið í engisprettunum sem aldrei þagnaði. Það minnti hana á kvalir fordæmdra.

„Karl Óskar – ef þú ættir að deyja í nótt, heldurðu þá að þú yrðir hólpinn?“

Það leið löng stund áður en svarið kom:

„Og ef ég héldi að ég yrði ekki hólpinn – hvað vildirðu þá að ég gerði við því?“

Nú var það hann sem spurði. Og hún gat engu svarað.

„Hvað viltu að ég geri? Ég get ekki fengið neina aflausn fyrir syndir mínar. Hvað á ég þá að gera?“

Við þessu átti hún ekkert svar. Og það sama gildi um hana sjálfa.

Kristín þagnaði og spurði einskis frekar.

„Við skulum reyna að sofna,“ sagði Karl Óskar. „Það er mikið sem þarf að gera á morgun.“

Fljótlega heyrði Kristín djúpan og reglulegan andardrátt mannsins síns. En það leið löng stund áður en svefninn miskunnaði sig yfir hana.

5

Liðnir voru þúsund dagar frá því að Kristín heyrði síðast óminn frá kirkjuklukkunum. Það var í öðrum heimi, Gamla heiminum, hjá foreldrum hennar á Dúfulandi. Þar hringdu klukkurnar inn helgina á





hverju laugardagskvöldi og alla sunnudagsmorgna kölluðu þær fólkið til guðsþjónustu. Og í hvert skipti sem einhver stóratburður átti sér stað ómuðu klukkurnar. Ef ófriður braust út eða farsóttir geisnuðu, við eldsvoða og skógarelda, við krýningu konungs eða andlát, við brúðkaup og jarðarfarir.

Við alla stóratburði og hátíðir hafði Kristín heyrt óminn í kirkjuklukkunum. En nú voru liðnir þúsund dagar síðan hún heyrdi síðast þetta gamalkunna hljóð.

Hún hafði aldrei heyrt það hér í Ameríku. Það voru vissulega reistar kirkjur hér, en hún átti heima það langt frá þeim að ómur kirkjuklukkanna náði ekki til hennar.

Ekkert skildi sunnudagana frá virkum dögum. Klukkurnar glumdu frá mörgum kirkjuturnum en hljómurinn náði ekki alla leið til Kí-Chi-Saga. Og hún gat ekki heyrt neinn Guðs þjón tala á móðurmáli sínu frá altari og predikunarstóli, ekki flæðandi tónaflóð orgelsins, ekki heyrt sálmana, ekki heldur raddir, bænir og söng meðbræðra sinna og systra.

En Guð hafði ekki gleymt henni. Hún var sál sem hann hafði skapað og hann þurfti engar kirkjuklukkur til þess að rata til hennar. Og í dag hafði hún heyrt raust hans. Hann hafði fært henni boðskap sinn: Hún mátti ekki gleyma þeirri ódauðlegu sál sem hann hafði gefið henni.

Að endingu bað Kristín bæn til hins Almáttuga sem var til áður en fjöllin mynduðust og mundi verða áfram til eftir að þau væru horfin. Hún bað hann heitt og innilega að svara spurningunni: Hvað áttu hún og maki hennar að gera til þess að bjarga sál sinni? Hvað gætu þau gert til þess að verða sáluhólpin hér í þessu landi heiðingjanna?

Og hún þakkaði Guði fyrir daginn sem var á enda, og fyrir boðskapinn sem ókunni maðurinn hafði fært þeim – fyrir daginn þegar Karl Óskar heyrdi framandi axarhögg í skóginum.

